

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardal Laugardalur, Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardal	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Hreinsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús	Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið, niðurstöðum skráninga fyrir árið 2015 hefur ekki verið skilað og fastur starfsmaður er ekki starfandi á urðunarstaðnum. Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu um að garðaúrgangur er urðaður utan urðunarstaðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir endurnýjað starfsleyfi sem gefið var út þann 16. desember 2015 og minnt á skiladaga skv. því. Sveitarfélagið Norðurþing hefur tekið við rekstinum en var það áður í höndum Sorpsamlags Þingeyinga.

Rekstraraðili er ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en skv. gr. 2.3 er rekstraraðila heimilt að óska eftir að dregið sé úr reglubundnu mengunarvarnareftirliti velji hann að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur.

Ekið var niður að opinni urðunarrein og svæðið skoðað. Svæðið var snyrtilegt á að líta og ekki er mikil starfsemi á svæðinu. Verktakar nýta afleggjara niður að svæðinu vegna framkvæmdar við PCC á Bakka. Stóð hlið opið við komu og voru verktakar að störfum neðan við urðunarstaðinn. Innan við 4 tonn voru sett á svæðið frá 1. júní 2015 til ársloka. Óvirkur úrgangur er flokkaður frá í flokkunarstöð við Víðimóa og starfmenn þar keyra efninu á staðinn.

Urðunarrein stóð opin og ekki er mokað yfir eftir losun. Bent var á gr. 4.3 í starfsleyfi í því samhengi.

Eftirlitsmælingar skv. gr. 5.2 í starfsleyfi voru framkvæmdar af Eflu verkfræðistofu nú í apríl. Mælingar fyrir árið 2015 voru ekki framkvæmdar en skv. samþykktari úrbótaáætlun frá 1. mars 2016 ber rekstraraðila að senda niðurstöður þeirra mælinga til eftirlitsaðila um leið og þær berast.

Íslenska Gámafélagið sér um skráningar fyrir rekstraraðila hvað varða magn og tegund úrgangs.

Frávík frá

Gr 2.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. mars 2016. Umhverfismarkmið voru ekki til staðar við eftirlit og hafa ekki verið send eftirlitsaðila.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið og skal niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skilað til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Niðurstöðum skráninga hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila fyrir utan magntölum úrgangs sem skilað var með tölvupósti þann 12. maí sl.

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Enginn fastur starfsmaður er á svæðinu en verkstjórn hefur verið í höngum Íslenska Gámafélagsins. Skv. gr. 2.8 í starfsleyfi skal stjórnandi urðunarstaðar hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Bent er á að gera þurfi samning við Íslenska Gámafélagið hvað þetta varðar eða ráða inn starfsmann sem hefur næga þekkingu til starfsins.

ATHUGASEMDIR

Garðaúrgangur er ekki settur á úrgangsstaðinn heldur utan svæðis, þó heimild sé skv. gr. 1.2 að taka á móti allt að 200t af garðaúrgangi til jarðgerðar á ári. Bent er á að öll endurnýting er starfsleyfisskild og sækja þarf um leyfi til heilbrigðisnefndar til að endurnýta garðaúrgang.

ANNAÐ

Ein kvörtun barst til rekstraraðila frá síðasta eftirliti og varðaði það plastefni sem sett hafði verið í gám sem einungis átti að innihalda óvirkan úrgang. Svæðið var hreinsað og viðkomandi aðila sem skilað hafði inn gámnum, gert að greiða fyrir hreinsunina. Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Staðfesting á gildandi tryggingu skv gr. 2.11 hefur verið send eftirlitsaðila.

Bent er á að skv. gr. 2.6 skal tilkynna öll mengunaróhöpp til eftirlitsaðila eins fljótt og mögulegt er.

Minnt er á að öll gögn skulu send á netfangið ust@ust.is og einnig á netfang viðkomandi eftirlitsmans

Reykjavík, 03.06.2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir